

Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfnesi  
Gufunesvegi  
112 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2020  
UST202010-124/H.R.A.  
08.14.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 26. október sl. þar sem stofnunin áförmáði að áminna rekstraraðila vegna fráviks er fram komu í eftirliti stofnunarinnar á urðunarstað Sorpu í Álfnesi, þann 29. maí sl. Þann 31. október sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### Frávikan eru eftirfarandi:

1. **Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Heimilt er að urða allt að 120.000 tonn af úrgangi á ári. Árið 2019 voru urðuð 130.919 tonn sem er umfram heimild. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur dregið verulega úr urðun árið 2020. Magn urðaðs úrgangs fyrstu 10 mánuði ársins 2020 er 91.000 tonn, en var 112.761 tonn á sama tíma árið 2019, þ.e. 20% samdráttur hefur orðið milli ára. Rekstraraðili áætlar jafnframt að samdráttur verði enn meiri í nóvember og desember, þar sem Gaja er komin í stöðuga vinnslu. Út frá gögnum rekstraraðila er áætlað að urðun í Álfnesi verið 105-110 þúsund tonn árið 2020.

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna fráviksins verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði fráviki ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

**Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur og Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis**